



Knattspyrnudeild Víkings R.

Heimir Gunnlaugsson, formaður

Haraldur Haraldsson, framkvæmdastjóri

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri knd.

Reykjavík, 7. nóvember 2024

Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns á leik Víkings R. og Breiðablik þann 27. október 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 5. nóvember 2024, var tekin fyrir skýrsla frá eftirlitsmanni KSÍ á leik Víkings R. og Breiðablik í Bestu deild karla þann 27. október sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ. Í skýrslu eftirlitsmanns í leiknum kemur m.a. eftirfarandi fram:

„[...]Á sama tíma var kveikt á blysi í hópi stuðningsmanna Víkings, sem og á 71. mín og 81. mín. leiksins. Síðasta blysið skaust úr höndum þess sem var með það og upb. 10 metra beint inn á völlinn!

Gæslumenn Víkings slöktu í fyrsta blysinu, á öðru blysinu slokknaði strax en leikmaður Víkings tók blysið sem fór inn á völlinn upp og bar út fyrir völlinn þar sem gæslumenn slöktu í því.“

Á fundi þann 29. október leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að framkoma áhorfenda Víkings R., sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gæti varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 13 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Taldi nefndin því brýnt að falast eftir greinargerð/athugasemdum frá viðkomandi aðildarfélagi áður en málið yrði tekið fyrir.

Á fundi nefndarinnar þann 5. nóvember 2024 lá ekki fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild Víkings R. Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkoma áhorfenda í framangreindum leik Víkings R. og Breiðablik hafi verið vítaverð og hættuleg og falli undir ákvæði 13.9.d. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi qerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta Knattspyrnudeild Víkings R. vegna framkomu áhorfenda, nánar tiltekið vegna notkunar á blysum í áhorfendastúku. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar Víkings R. hæfilega ákveðin kr. 150.000,-. Við ákvörðun viðurlaga knattspyrnudeildar Víkings R. tekur nefndin mið af úrskurðum á hendur knattspyrnudeild Víkings R. dags. 11.6.2024 og 30.10.2024. Hefur úrskurður í fyrirbyggjandi máli því ítrekunaráhrif sem sektarákvörðun tekur mið af.

Til grundvallar niðurstöðu vísar nefndin einnig til e) liðar 2. mgr. 16. gr. agareglna FIFA en í samræmi við grein 24.2. eru agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) ákvæðum

reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar, eftir því sem við á. Ákvæði c) liðar 2. mgr. 17. agareglna FIFA er svohljóðandi:

All associations and clubs are liable for inappropriate behaviour on the part of one or more of their supporters as stated below and may be subject to disciplinary measures and directives even if they can prove the absence of any negligence in relation to the organisation of the match:

c) the lighting of fireworks or any other objects;

Úrskurðarorð:

Knattspyrnudeild Víkings R. skal sæta sekt að upphæð kr. 150.000,- til KSÍ.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson